



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 12. júlí 2019

R19030305

1222-2

Borgarráð

Guðný SU-31, höfnun forkaupsréttar

Óskað er eftir að borgarráð hafni að þessu sinni að nýta forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Guðnýju SU 31 skv. kautilboði, söluýfirlit dags. 11. júlí 2019.

Greinargerð:

Fiskiskipið Guðný SU- 31 var selt með samþykktu kautilboði dags. 18. mars 2019 fyrir kr. 3.000.000.- Borgarráð samþykkti höfnun á nýtingu forkaupsréttar vegna þessa þann 4. apríl sl. Sú sala gekk til baka og hefur nýtt kautilboð verið gert að fjárhæð kr. 2.300.000.- Skipið er án aflahlutdeildar/aflamarks. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða á sveitarstjórn forkaupsrétt á fiskiskipum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Lagt er til að borgarráð hafni að nýta að þessu sinni lögbundinn forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Guðnýju SU 31.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Yfirlýsing um að nýta ekki forkaupsrétt á skipi, ódagsett.

Yfirlýsing um að nýta ekki forkaupsrétt á skipi



Úr lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, 12. grein, 3. málsgrein:

Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu.

Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt.

Fyrir liggur kauptilboð í neðangreint skip:

Heiti skips | Skipaskrárnúmer | Heimahöfn

Guðný SU-31 | 1988 | Stöðvarfjörður

Eigandi skips | Kennitala eiganda | Heimilisfang | Staður

Landsbankinn hf. | 471008-0280 | Austurstræti 11 | 155 Reykjavík

Eignarhlutfall í skipi

100 %

Kaupandi | Kennitala | Heimili | Staður

Tonan ehf | 520118-0980 | Skógarbraut 917 | 262 Reykjanesbær

Eignarhlutfall í skipi

100 %

Kaupverð skips	Söluyfirlit dags.	Afhending dags.	Afsal dags.
2.300.000	11.7.2019	Við kaupsamn.	Við kaupsamn.

Aðrir skilmálar kauptilboðs:

Kaupverð er greitt með peningum við kaupsamning, afhendingu og afsal. Aðilar hafa gert með sér samkomulag skv. ofangreindu og gert ráð fyrir að ganga frá kaupsamningi og afsali hið fyrsta.

Sveitarstjórn er hér með boðinn forkaupsréttur á skipinu. Vilji sveitastjórn nýta sér þann rétt sinn er óskað eftir því að skipasali sé látinn vita sem fyrst á tölvupóstfang: gudjon@batarogbunadur.is. Að öðrum kosti er óskað eftir því að sveitarstjórn áriti þetta skjal fyrir hönd sveitarfélagsins og skipasali mun nálgast frumrit þar sem það verður skilið eftir.

Neðangreind sveitarstjórn, og jafnframt forkaupsréttarhafi á ofangreindu skipi, hefur ákveðið að nýta sér ekki forkaupsrétt sinn að þessu sinni.

Staður og dagsetning,

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift forkaupsréttarhafa og yfirlýsingu þeirra um fjárræði,

F.h. Reykjavíkurborgar

530269-7609

Tjarnargata 11

101 Reykjavík

Nafn Kennitala

Nafn Kennitala